



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1637
komudagur 26.4.2005

• Samgöngunefnd
 Alþingi
 Austurstræti 8-10
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. apríl 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005 til 2008, 721. mál
Tilv: 2005040021

Vísað er í bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 18. apríl sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda samgönguáætlun. Það liggur í hlutarins eðli, að á þeim stutta tíma, sem veittur er til umsagnarinnar, gafst ekki svigrúm til að fara ofan í saumana á tillögunni, heldur skal hér komið á framfæri áhersluatriðum, sem varða bændur og dreifbýlið sérstaklega og ályktað hefur verið um.

Á flestum búnaðarþingum eru fluttar tillögur, sem fjalla um vegamál og samgöngur. Flestar eru þær almenns eðlis, þar sem hvatt er til aukins viðhalds og endurbóta á þjóðvegum og brúm landsins. Fáar framkvæmdir nýtast bændum landsins betur en bættar, öruggari og tíðari samgöngur. Á það við um allar samgöngur, þó að vissulega skipti vegakerfi landsins þar mestu máli. Meðfylgjandi tillaga og greinargerð frá Búnaðarþingi 2004 lýsir vel þessum almenna vilja og óskum bænda :

Búnaðarþing 2004 telur tímabært að gerð verði áætlun um það stórverkefni í vegagerð að ljúka endurbyggingu vegakerfis sveitanna með bundnu slitlagi, þannig að fyrir tiltekinn tíma liggja nútímalegur vegur að hverju byggðu bóli á landinu.

Greinargerð:

Að undanförunu hefur verið efnt til ýmissa stórverkefna í vegagerð. Má þar nefna bæði nýja vegi og jarðgöng milli byggðarlaga. Hér er vakin athygli á að líta verður á endurbyggingu vegakerfis dreifbýlisins sem eitt af stórverkefnunum í vegagerð.

Á sama hátt hefur Búnaðarþing margoft fjallað um öryggismál tengd vegum landsins og samgöngum og beitt sér sérstaklega fyrir úrbótum í girðingarmálum meðfram vegum landsins, sbr., meðfylgjandi tillögu frá Búnaðarþingi 2001 :

Búnaðarþing 2001 skorar á ríkisstjórnina að beita sér nú þegar fyrir breytingum á lögum og reglugerðum þannig að allur stofn- og viðhaldskostnaður við vegagirðingar verði alfarið á hendi veghaldara.

Greinargerð:

Þingið telur eðlilegt og sanngjarnt að öll mannvirki, þar með taldar merkingar og undirgöng, sem gerð eru til að friða vegsvæði stofn- og tengivega verði meðtalin í stofn- og viðhaldskostnaði þjóðvega og því fjármögnuð af ríkissjóði, en Vegagerðinni verði falin öll samræming og umsjón framkvæmda. Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á vegalögum nr. 45/1994, með síðari breytingum, og þar með verði felld brott 56. gr. vegalaga sbr. ályktun búnaðarþings 2000 og jafnframt numin úr gildi reglugerð um girðingar með vegum nr. 325/1995. Þá verði komið á reglubundnu eftirliti með lausagöngufénaði á vegsvæðum í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir og lögreglu.

Á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda fyrr í þessum mánuði var ályktað um nauðsyn þess **"að beita sér fyrir gerð umdirganga fyrir búfénað og að settar verði upp viðeigandi vegamerkingar, þar sem lausaganga sauðfjár er við þjóðvegi"**

Á síðasta Búnaðarþingi (2005) var síðan samþykkt meðfylgjandi ályktun um Reykjavíkurflugvöll :


Búnaðarþing 2005 beinir því til ráðherra samgöngumála að hann tryggi núverandi aðgang landsmanna að höfuðborginni með því að standa vörð um framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Búnaðarþing 2005 hvetur borgarstjórn Reykjavíkur til þess að axla þá ábyrgð sem höfuðborgin ber gagnvart öllum landsmönnum og skerði ekki aðgang að borginni með því að hafna núverandi innanlandsflugvelli.

Þessar samþykktir gefa nokkra mynd af óskum og áhuga bænda og ítreka mikilvægi þess, að samfélagið standi eins vel að uppbyggingu, framkvæmd og viðhaldi samgangna í byggðum landsins og kostur er á hverjum tíma.

Í þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er til umsagnar, er unnið í þessum anda. Vissulega væri æskilegt að setja meira fjármagn í vegagerðina, og myndi það nýtast jaðarbyggðunum ekki síst. Bændasamtökin vilja ekki taka afstöðu til einstakra framkvæmda en geta tekið undir þá almennu stefnumörkun, sem fram kemur í tillögunni. Samtökin leggja megin áherslu á, að unnið verði af sem mestum krafti að bættum samgöngum á landsbyggðinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson